

Fundargerð XXI. landsþings

Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. mars 2007

Árið 2007, þann 23. mars hófst Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6, Reykjavík kl. 9:00.

1 Fundarsetning

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Glærur með erindi hans birtar á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins.

2 Kosningar

- a) Kosning tveggja þingforseta. Kosin voru: Kjartan Magnússon Reykjavíkurborg og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir Sveitarfélaginu Skagafirði
- b) Kosning tveggja þingritara. Kosin voru: Erla Friðriksdóttir Stykkishólmi og Björn Magnússon Húnavatnshreppi.
- c) Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar. Kosin voru: Úlfar B. Thoroddsen Vesturbyggð, Björk Vilhelmsdóttir Reykjavíkurborg og Birna Borg Sigurgeirsdóttir Sveitarfélaginu Ölfusi.
- d) Kosning varamanns í stjórn sambandsins í stað Stefáns Jóns Hafstein sem beðist hefur lausnar frá störfum varamanns í stjórn frá 1. febrúar sl. til 1. september 2009. Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi í Reykjavík, var kosinn varamaður í stjórn sambandsins.

3 Breytingar á sveitarstjórnarstiginu í Finnlandi

Auli Maaria Valli-Lintu, lögfræðingur á sveitarstjórnarskrifstofu finnska innanríkisráðuneytisins gerði grein fyrir breytingum á sveitarstjórnarstiginu og skipan opinberrar þjónustu í Finnlandi. Glærur með erindi hennar birtar á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins.

Þingforseti opnaði fyrir fyrirspurnir til Auli Maaria. Grímur Atlason, Bolungarvík beindi fyrirspurn til framsögumanns.

4 Verkefnaflutningur til sveitarfélaga

Staða og horfur

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði fór yfir stöðu og horfur vegna verkefnaflutninga til sveitarfélaga. Stöndum í sömu sporum og fyrir 10 árum þegar sveitarfélögin tóku við grunnskólunum. Sveitarfélögin hafa hinsvegar sýnt hvers þau eru megnug. Sveitarstjórnarstigið er gjörbreytt, hefur þróast ört með aukinni tækni og auknu lýðræði.

Sameining sveitarfélaga er ekki forsenda fyrir flutningi verkefna til þeirra eins og fram kom á síðasta landsþingi. Sveitarfélögin fari saman í þessa

vegferð. Frumkvæðið þarf að koma frá sveitarfélögunum. Skilgreina þarf verkefnið og kerfið þarf að vera sveigjanlegt.

Samþætting velferðarþjónustu

Geirlaug G. Björnsdóttir, Starfsendurhæfingu Norðurlands gerði grein fyrir þróun og starfsemi Starfsendurhæfingar Norðurlands. Starfsendurhæfing Norðurlands er sjálfseignarstofnun og hefur það hlutverk að vinna að endurhæfingu m.a. með ráðgjöf og stuðningi. Þátttakandi tekur sjálfur þátt í endurhæfingarferlinu. Nám er einn af grunnþáttum í endurhæfingunni. Veitt er fjármálaráðgjöf og unnið er að því að bæta sjálfsmynd einstaklingsins. Verkefnið hefur sparað veruleg útgjöld.

Samningar um tekjustofna - reynslan.

Karl Björnsson, sviðsstjóri kjarasviðs, gerði m.a. grein fyrir undirbúningi og samningum við flutning grunnskólans til sveitarfélaga. Í upphafi er kostnaður metinn og tillaga svo gerð að flutningi verkefnisins til sveitarfélaga. Þjónustustig grunnskólans hefur aukist mikið eftir flutninginn. Það er áhætta fyrir sveitarfélög að taka að sér ný verkefni fyrir en trúverðugum og fastmótuðum fjárhagslegum samskiptum milli ríkis og sveitarfélaga hefur verið komið á.

Verkefnaflutningur - hvernig?

Sigurður Helgason stjórnsýslufræðingur fjallaði um hvernig og hvaða verkefni henti best að flytja til sveitarfélaga. Þau verkefni sem fela í sér nærþjónustu eru vel til þess fallin að flytja til sveitarfélaga. Verkefni þar sem jafnræðissjónarmið gilda og eru lítt sveigjanleg henta síður.

Hádegisverðarhlé var gert kl. 12:20 til 13:20.

5 Álit kjörbréfanefndar

Úlfar B. Thoroddsen greindi frá því eftirfarandi niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þau kjörbréf sem borist hafa vegna breytinga sem hafa orðið á kjöri sveitarfélaganna á landsþingsfulltrúum frá síðasta landsþingi. Nefndin gerir ekki athugasemdir við kjörbréfin. Rétt til setu á landsþingi eiga 155 fulltrúar frá 79 sveitarfélögum. Mættir eru 122 fulltrúar frá 72 sveitarfélögum, en alls tilkynntu þátttöku 148 fulltrúar frá 76 sveitarfélögum. Þá eru mættir á landsþingið 38 fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt, skv. 7. gr. laga sambandsins.

Kjörbréfanefnd og starfsmenn sambandsins gera athugasemdir við það hve seint stór hluti landsþingsfulltrúa tilkynnir þátttöku á landsþingið, en það hefur skapað erfiðleika við undirbúning þingsins. Það eru vinsamleg tilmæli að framvegis virði landsþingsfulltrúar þau tímamörk sem gefin eru í bréfum með þingboðun.

6 Umræður og fyrirspurnir til framsögumanna

Innleiðing umræðunnar og lokasamantekt.

Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi í Reykjavík greindi frá samantekt sinni úr erindum framsögumanna og varpaði fram spurningum. Þingfulltrúi þakkaði Árna og opnaði fyrir fyrirspurnir.

Til máls tóku:

Gunnar Einarsson, bærstjóri Garðabæjar, lagði fram eftirfarandi ályktun:

XXI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga telur að flutningur reksturs framhaldsskóla frá ríki til sveitarfélaga hafi margvíslega kosti í för með sér og má í því sambandi sérstaklega nefna sveigjanleg skil skólastiga. Landsþingið hvetur menntamálaráðherra til þess að taka jákvætt í hugmyndir sveitarfélaga um að taka yfir rekstur framhaldsskóla í tilraunastigi og hefja sem fyrst undirbúning þess verkefnis í samvinnu við sveitarfélögin.

Gunnar Einarsson (sign.), Júlíus Vífill Ingvarsson (sign.), Soffía Lárusdóttir (sign.)

Jenný Jensdóttir, oddviti Kaldrananeshrepps, Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Reykjavík, Sveinn Kristinsson, bærarfulltrúi Akranesi, Gunnar Svavarsson, forseti bærstjórnar Hafnarfjarðar, Soffía Lárusdóttir, forseti bærstjórnar Fljótshálsa, Ragnheiður Hergeirsdóttir bærstjóri, Árborg, Elín R. Líndal oddviti, Húnaþingi vestra, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson bærstjóri, Grundarfirði, Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi, Reykjavík, lagði fram eftirfarandi tillögu:

XXI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að heildstæður flutningur verkefna á sviði velferðar, félags- og menntamála frá ríki til sveitarfélaga verði hrint af stað tafarlaust. Undirbúningur flutnings á þjónustu við aldraða, fatlaða og rekstur framhaldsskóla og heilsugæslu þolir enga bið. Efling sveitarstjórnarstigsins og leiðrétting tekjustofna eru brýnustu mál byggða allt í kringum landið og eru jafnframt hornsteinn í farsælli borgarstefnu. Hvorttveggja byggir á heildstæðri markvissri nærþjónustu.

Dagur B. Eggertsson (sign.), Ragnheiður Hergeirsdóttir (sign.), Lúðvík Geirsson (sign.)

Helga Jónsdóttir bærstjóri, Fjarðabyggð.

Þingforseti gaf framsögumönnum kost á að svara fyrirspurnum.

Til máls tóku:

Lúðvík Geirsson bærstjóri, Hafnarfirði, Geirlaug G. Björnsdóttir, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Sigurður Helgason stjórnsýslufræðingur, Halldór Halldórsson, formaður sambandsins.

Afgreiðsla ályktana:

Tillaga Gunnars Einarssonar var borin undir atkvæði og samþykkt með meginþorra greiddra atkvæða gegn nokkrum mótatkvæðum.

Tillaga Dags B. Eggertssonar með breyttu orðalagi sem hann gerði grein fyrir borin undir atkvæði og samþykkt með meginþorra greiddra atkvæða gegn nokkrum mótatkvæðum.

Breytt orðalag tillögu: Seinni hluti tillögunnar orðast þannig:

.... Efling sveitarstjórnarstigsins og leiðrétting tekjustofna er forsenda heildstæðrar og markvissrar nærþjónustu - brýnustu mál byggða allt í kringum landið og jafnframt hornsteinn farsællar borgarstefnu.

Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi í Reykjavík fór yfir þær umræður sem fram fóru á þinginu.

7 Þingslit

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga Halldór Halldórsson ávarpaði landsþingsfulltrúa og vék að framtíðarsýn sveitarfélaga. Sveitarfélög verði öflugri með fleiri verkefni, þar sem endurskoðun tekjustofna m.t.t. verkefna fer fram samkvæmt skilgreindu lögbundnu ferli. Við eigum að vera stolt af störfum okkar og ekki tala um okkur sem fórnarlömb eða lítilmagna sagði formaðurinn.

Í lokin þakkaði hann starfsmönnum sambandsins fyrir þeirra þátt í þingstörfunum, svo og starfsmönnum þingsins og sagði þessu 21. landsþingi slitið.

Fleira var ekki gert, þingi slitið kl. 15:15.

Erla Friðriksdóttir

Björn Magnússon